


# UMF REYKDÆLA



Ársskýrsla  
2023

## Skýrsla stjórnar 2023

Kæru félagar,

Í stjórn Ungmennafélagsins sitja:

Ingi Þór Magnússon, formaður

Helga Jónsdóttir, varaformaður

Þóra Árnadóttir, gjaldkeri

Margrét Sæunn Pétursdóttir, ritari

Kristleifur Jónsson, meðstjórnandi



Janúar kom og fór eins og vant er og var lítið að gerast í félagsheimilinu okkar. Alltaf var þó spilað Bridge á hverju mánudagskvöldi og vel sótt í það hjá Bridgefélagi Borgarfjarðar eins og hefur alltaf verið frá lok september og fram í apríl á ári hverju. Valdi okkar allrabesti hlaut Hvatningarverðlaun UMSB sem voru veitt í fyrsta sinn og óskum við honum hjartanlega til hamingju með þennan merka áfanga. Félagið fjárfesti í nýjum skjávarpa þar sem sá gamli var orðinn heldur slappur.

Í febrúar var heldur betur mikil gleði þegar Þorablót var loksins haldið eftir 2 ára covid hlé. Margir mættu og var þetta hin besta skemmtun. Pantaðar voru þrjár merktar dyravarðarpeysur sem notaðar voru á þorablótinu til að fylgja eftir þeim kröfum sem settar eru á dyraverði sem standa vaktina á svona viðburðum. Öskudagsballið var vel skipulagt hjá yngri deildinni og gekk mjög vel. Einnig lét Kári kuldaboli okkur heyra það með því að brjóta hjá okkur þrjár rúður en krúttin okkar, Valdi og Krilli voru nú ekki lengi að kippa því í lag.

Mars og apríl voru einnig rólegir eins og venjan er, þó eitthvað um fundi, fermingar og árshátíðir. Keyptir voru 50 stólar á slíkk sem eru traustir og staflast einstaklega vel og munu þeir án efa nýtast okkur vel.

Aðalfundur ungmennafélagsins var haldinn 16. maí 2023 og þá var hafist handa við að koma nefndunum í gang fyrir komandi ár en það gekk eitthvað brösuglega hjá okkur og því var ansi oft sem stjórn UMFR þurfti að hlaupa undir bagga með undirbúning og/eða skipulag á viðburðum þessa árs. Við stefnum á að bæta okkur í þessu á komandi ári.

Við höldum heljarinnar party í byrjun júní í samstarfi við skógræktarnefnd og yngri deildarnefnd þar sem við fengum fólk í okkar nærumhverfi til að aðstoða okkur við að fegra

félagsheimilið okkar og heppnaðist það dásamlega vel. Allir lögðu hönd á plóg og var stéttin hreinsuð, heljarinnar þrif inni og mikið grisjað í skjólbeltinu við tjaldsvæðið en þar voru mörg tré brotin og illa farin. Enduðum svo á að grilla saman pylsur og krakkarnir skemmtu sér í hoppukastala sem sló heldur betur í gegn.

17. júní gekk vonum framár, ekki var hoppukastali að þessu sinni en Slökkvilið Borgarfjarðar bauð uppá vatnsrennibraut fyllta af froðu sem sló algjörlega í gegn.

Valdi tók af skarið og stýrði girðingarvinnu í lok júní þar sem gamla girðingin var úr sér gengin. Gaman að sjá hvað þetta feugar umhverfið okkar.

Útleiga félagsheimilisins í sumar gekk vel, eitthvað var þó um forföll á síðustu stundu sem var óheppilegt.

Í haust var heldur rólegt hjá okkur, formaðurinn fór þó á samráðsfund ásamt Þóru Geirlaugu til að finna lausnir á þessum blessuðu sundlaugarmálum sem hrekja ungmennafélagsmenn til að stunda sína sundhreyfingu annarsstaðar þar sem alltaf er lokað á Kleppjárnsreykjum. Vonum nú að það mál fari að leysast svo sundþyrstir ungmennafélagsmenn geti átt glaðan dag í sínu nærumhverfi.

Íþróttanefndin hefur fengið mikið hrós fyrir öflugt starf og fjölbreytta og skemmtilega æfingatöflu, við getum svo sannarlega verið stolt af íþróttastarfinu og þessu flotta fólki sem gefur sinn tíma í skipulagningu þess.

Í nóvember var stjórn UMFR boðuð á fund með bókasafnsnefnd þar sem farið var yfir hið stóra verkefni sem sú nefnd hefur unnið, að loka bókasafni UMFR og koma bókum sem þar voru í nýtingu annarstaðar. Þær bækur sem ekki fengu nýtt heimili bíða spenntar í svokölluðu „bókahorni“ þar sem gestum og gangandi gefst tækifæri á að grípa með sér góða bók á kostaverði. Ekkert varð af Gleðifundinum á þessu ári vegna skamms fyrirvara, sú nefnd helst því milli ára og er strax farin að skipuleggja Gleðifund fyrir árið 2024.

Í desember stóð stjórn UMFR fyrir skötuveislu sem gekk vonum framár og mættu um 50 manns. Engin gamlársbrenna var í ár og er nú komið að lokum á þessari skýrslu, lifið heil!

Fyrir hönd stjórnar,

Helga Jónsdóttir og Ingi Þór Magnússon.

## Ársskýrsla Íþróttanefndar Ungmennafélags Reykdæla 2022-2023

Ársskýrsla þessi hefst í júní 2023. Boðið var uppá sundnámskeið fyrir fjöggra til fimm ára börn í júnílok í samstarfi við Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur. Námskeiðið var vel sótt og var hópum tvískipt. Samtals skráðu 20 börn sig á námskeiðið. Mikil ánægja var með námskeiðið venju samkvæmt. Félagið hyggst bjóða uppá samskonar námskeið í júní 2024. Ingu þótti takast það vel til með eldri hópinn að hún bauð uppá 10 vikna framhaldsnámskeið sem hófst um miðjan september og stóð til nóvemberloka. Miklar framfarir urðu hjá börnunum á þessum tíma. Ekki þótt stætt á að halda úti æfingum fyrir þennan hóp lengur sökum vetrarkulda.

Frá og með hausti 2023, til og með vorsins 2024 bauð félagið uppá fjölbreytta íþróttadagskrá. Fimleikar hafa verið í boði í fyrsta sinn hjá UMFR í vetur fyrir aldurinn 4 – 10 ára í samstarfi við fimleikadeild ÍA. Námskeiðin hafa verið afar vel sótt og í sumum tilfellum fullsetin þar sem salurinn heimilar ekki fleiri en 18 iðkendur í hóp. Hópum hefur verið þrískipt eftir aldri og voru skráningar fyrir áramót í heildina 47 og eftir áramót 48. Við erum þakklát fimleikadeild ÍA fyrir samstarfið sem og þeim þjálfurum sem við fengum. Þeir hafa staðið sig afar vel. Guðjón Guðmundsson stendur sterkur fyrir sínu að vanda og þjálfar sund í tveimur hópum, 1-4 bekk og 5-10 bekk. Sundið hefur verið vel sótt í ár með 22 skráða iðkendur eftir áramót. Guðjón hélt vinamót í sundi í maí 2023 að Kleppjárnsreykjum þar sem sunddeild Grundarfjarðar o.fl. einstaklingar tóku þátt ásamt okkar iðkenndum. Íþróttanefnd UMFR keypti og grillaði pylsur og bauð uppá safa fyrir keppendur að móti loknu. Þá hefur Guðjón stýrt körfuknattleiksæfingum fyrir 7-10 bekk sem hefur verið vel sótt með 13 skráða iðkendur. Guðjón hefur tekið þátt í islandsmótinu með 7. flokk í vetur auk fleiri hraðmóta. Þórir Örn Hafsteinsson hefur stýrt körfuknattleiksæfingum fyrir 4-6 bekk í vetur og raun myndað menningu fyrir æfingum hjá þeim aldri af eigin frumkvæði. Hann hefur farið með flokkinn á nokkur hraðmót og islandsmót sem hafa tekist afar vel til. Þar eru 8 skráðir iðkendur. Fjöltnir Jónsson hefur stýrt æfingum í blaki í vetur fyrir 1-4 bekk og hefur það tekist vel til með 11 skráða iðkendur. Um áramótin bættist svo badminton í flórana en Guðmundur Freyr Kristbergsson þjálfar nú badminton fyrir 1-4 bekk. Uppselt var á námskeiðið á tveimur dögum en stærðartakmörk vallarins býður ekki uppá meria en 12 iðkendur.

Ungmennafélag Reykdæla er afar þakklát þjálfurum okkar sem gefa sér tíma til að þjálfa börnin okkar. Án þeirra væri starfið ekkert. Við erum afar heppinn með þjálfarahópinn í ár. Guðjón Guðmundsson og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir eru þaulreyndir þjálfarar með öll tiltæk þjálfararéttindi en það sama á við um Fjöltni Jónsson sem menntaður er íþróttافرæðingur. Þórir Örn Hafsteinsson er útskrifaður af íþróttabraut Menntaskólans í Borgarnesi og hyggst stunda háskólanám í íþróttافرæðum næsta haust. Guðmundur Freyr hefur og langa æfingareynslu af badmintoni. Þá æfa fimleikaþjálfarar okkar, þær Agnes Sveinbjörnsdóttir og Sólrún Lilja Finnbogadóttir fimleika í meistaraflokki ÍA þar sem þær keppa reglulega auk þess sem þær þjálfa fimleika í yngri flokkum.

Í vetur ákvað íþróttanefnd að verlsa 30 nýja körfubolta keppnisbúninga fyrir íþóttaiðkendur okkar. Stærðirnar eiga að henta öllum okkar aldurshópum. Hugmyndin er að foreldrar þurfi ekki að kaupa reglulega nýja búninga með stækkandi börnum með tilheyrandi kostnaði, heldur hugsa sameiginlega um búningana. Þetta hefði ekki verið hægt nema fyrir ómetanlegan

stuðning bakhjarla sem greiddu nánast að fullu fyrir búningana, en þetta eru fyrirtækin Hraunfossar restaurant & café og Flyover Iceland. Við þökkum þeim innilega fyrir stuðninginn.

*Keppendur í nýjum búningum UMFR*



Samtals hafa um 80 iðkendir skráð sig til æfinga hjá okkur bæði fyrir og eftir áramót en þar sem margir stunda meira en eina íþrótt hafa skráningar í greinar verið 120 fyrir áramót en 114 eftir áramót. Er um gríðarlega aukningu að ræða frá fyrri árum þar sem skráningar voru gjarnan á bilinu 50-60. Nýjar greinar, fimleikar, sund fyrir 5 ára og badminton vega þungt en auk þess aukin skráning í aðrar greinar.

Félagið mun standa fyrir kjöri á íþróttamanni ársins árið 2023 þann 3. mars næstkomandi. Er þetta seinna en vanalega en okkur langaði að færa uppskeruhátíð okkar aðeins aftar. Er það gert þar sem við munum leggja af þann sið í ár að veita verðlaun á 17. júní til iðkenda sem hafa mætt á meira en 90% af æfingum sem þeir eru skráðir í. Þess í stað munum við veita öllum okkar iðkenndum bol frá Errea merktan UMFR til hvatningar til að halda áfram æfingum hjá félaginu sem og til að þakka fyrir frábæran vetur. Rekstur íþróttadeildar hefur gengið vel í vetur og er þetta liður í að endurgjalda foreldrum iðkun. Á þessu hófi verður venju samkvæmt veitt verðlaun fyrir efstu þrjú sætin í kjöri á íþróttamanneskju ársins auk þess sem við veitum verðlaun fyrir mestar framfarir í öllum okkar greinum að undanskildu badmintoni þar sem æfingar hófust um

áramót. Þjálfarar tilnefna iðkendir sem íþróttanefnd velur svo úr. UMFR tilnefndi Helga Guðjónsson sem íþróttamann Borgarfjarðar en Helgi varð íslands- og bikarmeistari með liði sínu Víking Reykjavík á árinu og lék þar í flestum leikjum og varð næst markahæsti leikmaður liðsins auk þess sem hann keppti í evrópukeppnum með liðinu. Helgi endaði þriðji í kjöri íþróttamanneskju Borgarfjarðar.

Þegar þessi orð eru skrifuð er verið að kanna möguleikan á að versla inn fimleikaáhöld til að bæta aðstöðu til fimleikaiðkunnar, en fimleikadeild ÍA hefur tekið afar vel í að halda áfram samstarfinu næsta vetur. Við vonum að næsti vetur verði okkur eins góður og þessi en það veltur fyrst og fremst á hvaða þjálfarar verða til taks. Við stefnum ótrauð á að gera okkar allra besta til að bjóða áfram uppá góða og fjölbreytta dagskrá fyrir iðkendir okkar.

Fh íþróttanefndar UMFR

Helgi Eyleifur Þorvaldsson, formaður